

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 148/2002**

**frá 8. nóvember 2002**

**um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2002 frá 27. september 2002 <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/839/EB frá 8. nóvember 2001 þar sem mælt er fyrir um spurningalista sem nota skal vegna árlegrar skýrslugjafar um mat á gæðum andrúmslofts samkvæmt tilskipunum ráðsins 96/62/EB og 1999/30/EB <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr*

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 21ae (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1753/2000/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„21af. **32001 D 0839**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/839/EB frá 8. nóvember 2001 þar sem mælt er fyrir um spurningalista sem nota skal vegna árlegrar skýrslugjafar um mat á gæðum andrúmslofts samkvæmt tilskipunum ráðsins 96/62/EB og 1999/30/EB (Stjtið. EB L 319, 4.12.2001, bls. 45).“

*2. gr.*

Texti ákvörðunar 2001/839/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 336, 12.12.2002, bls. 34 og EES-viðbæti við Stjtið. EB nr. 61, 12.12.2001, bls. 28.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 319, 4.12.2001, bls. 45.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. nóvember 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 8. nóvember 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*Kjartan Jóhannsson*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes    M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.